

VEGGERÐIN	
Vestfirskland	
MÁÍ 2005	
Skjalnúmer	20119
Máttöl	2004100008



FORNLEIFAVERND RÍKISINS
Minjavörður Norðurlands vestra

Sauðárkróki 21. júní 2005

Vegagerðin
Auðunn Hálfðanarson
deildarstjóri áætlana
Borgarbraut 66
310 Borgarnesi


Málefni: Hringvegur um Hrútafjarðarbotn

Á samráðsfundi minjavarðar Norðurlands vestra með fulltrúum Vegagerðarinnar, sem haldinn var á Sauðárkróki þann 25. maí 2005, var óskað eftir ábendingum Fornleifaverndar um atriði sem snerta fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við gerð Hringvegar um Hrútafjarðarbotn. Sýndar voru tillögur að tveimur línur Hringvegar ásamt tengingu sunnan Fjarðarhorns og fjórar tillögur að tengingum norðan Fjarðarhorns. Fram kom á fundinum að verkið fer ekki í mat á umhverfisáhrifum þar sem lengd vegar á nýju landi fer ekki yfir 10 km. Brú á Ormsá verður notuð, brú á Selá verður breikkuð og byggð ný brú á Hrútafjarðará.

Allar þessar veglínur liggja yfir tún á Fjarðarhorni en fornleifar hafa ekki verið skráðar á jörðinni. Það er mikilvægt að fornleifaskráning liggja fyrir á jörðinni svo taka megi afstöðu til þeirra tillagna að veglínur sem hér liggja fyrir. Með fornleifaskráningu er átt við að farið sé í gegnum ritaðar heimildir um jörðina og í framhaldinu farið á vettvang og minjar við ofangreindar veglínur færðar inn á kort með GPS staðsetningartæki. Hugsanlegt er að fleiri minjar finnast við slíka vettvangsathugun auk þess sem tækifæri gefst til þess að ræða við staðkunnuga. Á kafla austan Hrútafjarðarar liggja tillögur að veglínur í landi Staðar og þarf að taka það svæði með inn í fornleifaskráninguna og ganga úr skugga um hvort minjar séu á því svæði.

Óskað er eftir því að fá málið til umsagnar á ný þegar fornleifaskráning liggur fyrir.

Virðingarfyllst,


Þór Hjaltalín
Minjavörður Norðurlands vestra

Afrit sent Skipulagsstofnun